

EFTIRLITSSKÝRSLA



Umhverfis-
og orkustofnun

Fiskeldi Austfjarða hf. Sörlastaðavík í Seyðisfirði

Dags eftirlits	15.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Vörðu	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	520412-0930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sandra Eiðsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar að skila ber inn núllskýrslum vegna mælinga. Engin starfsemi er í stöðinni og enginn búnaður henni tengdur úti í sjó.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða kvíaeldisstöð við Háubakka í Seyðisfirði. Starfsleyfið er fyrir eldi á allt að 200t árlega. Eldistegund er ekki tilgreind. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skoðunarferð

Engin starfsemi er í stöðinni og hefur ekki verið frá því Umhverfisstofnun tók við eftirliti með starfsleyfi rekstraraðila af Heilbrigðiseftirliti Austurlands, með breytingu á lögum nr. 7/1998 árið 2018. Ekki stendur til að hefja starfssemi samkvæmt starfsleyfinu. Starfsleyfið fellur úr gildi 7. nóvember 2026 og er því eftirlitið skilgreint sem lokunareftirlit.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila ber að skila inn til Umhverfis- og orkustofnunar núllskýrslum vegna kröfu um mælingar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.01.2026

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir